

Áttundi fundur Skólaráðs Garðaskóla haldinn 5. maí 2010, kl. 15.30

Fundargerð

Þessir fulltrúar Skólaráðs voru mættir. Ragnar Gíslason skólastjóri, Þröstur Guðmundsson aðstoðarskólastjóri, Elín Thorarensen og Friðrik Ingi Friðriksson, fulltrúar foreldra, Reynir Engilbertsson og Guðrún Björk Einarsdóttir fulltrúar kennara, Ólafur Valgeir Guðjónsson, fulltrúi annarra starfsmanna en kennara, Gunnar Richardson, fulltrúi grenndarsamfélags og Kristjana Björk Brynjarsdóttir og Vigdís Víglundsóttir, fulltrúar nemenda. Skólastjóri setti fund kl. 15.30.

Dagskrá:

Fjármál – úthlutun kennslustunda

Skólastjóri greindi ráðsmönnum frá stöðu fjármála skólans. Ljóst er að launa- og þjónustuliðir eru innan fjárveitinga á árinu 2009 en á brattan var að sækja með önnur rekstrargjöld. m.a. vegna verðhækkana og skertra fjárveitinga til þess liðar. Skólinn mun áfram verða rekinn með fyllsta aðhald og sparnað í huga án þess að það bitni alvarlega á gæðum skólastarfs. Skólastjóri upplýsti ráðsmenn um að skólastjórar bæjarins hafa óskað eftir endurskoðun á svonefndum “Skólavísi” sem er reiknigrunnur fyrir fastar fjárveitingar til skóla miðað við forsendur (nemendafjöldi, fermetra- og rúmmetrafjöldi).

Þá greindi skólastjóri frá því að úthlutun skiptistunda (vegna skiptingu hópa) væri með líkum hætti og undanfarin ár. Úthlutun að þessu sinni væri þó minni sem svarar 8 kennslustundum.

Garðaskóli – Flataskóli – úttekt á stjórnun

Skólastjóri greindi frá að bæjarráð hefði samþykkt að gerð verði úttekt á stjórnarþætti Garða- og Flataskóla með hugsanlega sameiningu stjórnunar skólanna í huga. Vegna þess var staða skólastjóra Flataskóla sem losnaði í vor ekki auglýst og aðstoðarskólastjóri sinnir stöðunni á næsta skólaári. Garðaskóla hefur ekki borist formleg tilkynning um þetta mál – hvernig að því verði staðið, hver markmiðin eða hugmyndafræðin sé.

Skólaráð samþykkti að skólastjóri aflaði upplýsinga um þetta mál og sæi til þess að Skólaráð Garðaskóla væri haft með í ráðum vegna þessar fyrirætlunar bæjaryfirvalda.

Skóladagatal

Lagt var fyrir endanlegt sameiginlegt skóladagatal fyrir grunnskóla Garðabæjar skólaárið 2010-2011. Fulltrúar foreldrar spurðust fyrir um verkferla og boðskipti vegna endanlegrar ákvarðana um sameiginlegt skóladagatal og hvernig athugasemdir skólaráða skólanna væru meðhöndlaðar. Skólastjóri tók að sér að afla þeirra upplýsinga. Nákvæmt skóladagatal fyrir Garðaskóla er í smíðum og verður kynnt Skólaráði á haustdögum.

Styrkir og gjafir til Garðaskóla

Skólastjóri greindi ráðsmönnum frá þeim styrkjum og gjöfum sem skólanum hafa áskotnast vegna starfsins á árinu 2010:

Gagn og gaman: Bæjarstjórn hefur úthlutað Garðaskóla kr. 935.000.- til að standa straum af „Gagn og gaman-dögum“ haustið 2010.

Félagsmálaráðuneytið veitti umbeðinn styrk til skólans vegna stofnunar sérdeildar fyrir nemendur með ADHD (Ofvirkni, með athyglisbrest) kr. 2.430.000.- sem dugar fyrir ráðningu kennara í hálfstarf. Skólaráðið samþykkti fyrir sitt leyti að skólastjóri leitaði til bæjaryfirvalda um viðbótarstyrk vegna þessarar starfsemi, s.s. vegna ráðgjafar- og sérfræðipjónustu.

Náttúrufræðiforritið „Sunflower“. Með milligöngu Foreldrafélags Garðaskóla hafa tvenn frjáls félagasamtök sameinast um myndarlega gjöf til skólans: Kvenfélag Garðabæjar og Soroptimistafélag Hafnarfjarðar og Garðabæjar ætla að gefa skólanum náttúrufræðiforritið „Sunflower“ sem gagnast nemendum í árgöngunum þremur og verður aðgengilegt nemendum og foreldrum á Netinu. Framlag Kvenfélagsins verður kr. 100.000.- og Soroptimistafélagsins 170.000.- Formleg afhending forritsins verður í vor, vintanlega við skólaslit.

Þá greindi skólastjóri frá jákvæðum viðbrögðum formanns forvarnarnefndar Garðabæjar vegna umsóknar skólans um styrki vegna þriggja verkefna: Marita-forvarnarfræðsla (sem fram fer um þessar mundir í 9. og 10. bekk), „Tölum saman“, fræðsla um kynlíf og „Blátt áfram“ – fræðsla um kynferðisofbeldi. Von er á formlegu svari forvarnarnefndar innan skamms.

Önnur mál:

Umræður urðu um íslenskukennslu í tengslum við fyrirspurn fulltrúa foreldra um skipulag skólastarfs næsta vetur, námskrá og viðmiðunarstundaskrá. Skólastjórnendur kváðust munu ræða sérstaklega við fagstjóra í íslensku um þau atriði sem fulltrúar foreldra vildu áréttu og spyrjast fyrir um.

Fulltrúi foreldra greindi frá starfshópi sem starfar nú og fjallar um strætisvagnaferðir innanbæjar í Garðabæ. Umræður urðu um skipulagningu og tímasetningar á stundaskrá skólanna tveggja: Flata- og Garðaskóla, en þær eru samdar þannig að frímínútur skarast ekki vegna sameiginlegrar nýtingar á leik- og sparkvöllum.

Fulltrúar nemenda gerðu stærð hópa að umtalsefni og spurðust fyrir um hvort niðurskurður réði því hví nokkrir hraðferðarhópar væru nokkuð fjölmennir. Skólastjórnendur kváðu svo ekki vera en gerðu grein fyrir því að þeir teldu óhætt að hafa stærri hópa í hraðferðum þar sem fjölmargir nemendur í þeim hópum væru mjög sjálfbjarga í námi sínu. Það kæmi þó fyrir að allnokkur munur væri á getu nemenda í þessum hópum.

Skólastjórnendur greindu aðspurðir frá fyrirhuguð breytingum á lífsleiknikennslu á næsta skólaári, en þar taka við nýir kennarar og í 10. bekk verður námsgreinin Náms- og starfsfræðsla sett á töflu 10. bekkjar, eina stund á viku.

Skólastjóri sleit fundi kl. 17.00

Ragnar Gíslason, ritaði fundargerð